

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 200/2017 um gjaldeyrismál.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

- a. Á eftir orðunum „Fjármagnshreyfingar á milli landa“ í 1. mgr. kemur: í erlendum gjaldeyrí.
- b. Í stað „,- 3. mgr.“ í 1. mgr. kemur: og 2. mgr.
- c. Við bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:
Fjármagnshreyfingar á milli landa í innlendum gjaldeyri skv. 1.-4. og 6. tölul. 1. mgr. 13. gr. b laga um gjaldeyrismál eru undanþegnar takmörkunum 1. og 3. mgr. sömu greinar, að undanskildum fjármagnshreyfingum vegna:
 1. Viðskipta með aflandskrónueignir sem falla undir lög um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum.
 2. Útflutnings eftirfarandi verðbréfa þegar fjárfesting í þeim hefur ekki fallið undir bindingargrunn skv. 2. gr. reglna um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris:
 - a. Skuldabréfa eða víxla, útgefinna í innlendum gjaldeyri, sem eru rafrænt skráð samkvæmt lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa.
 - b. Hlutdeildarskírteina sjóða, sem fjárfesta í skuldabréfum eða víxnum útgefnum í innlendum gjaldeyri, sem eru rafrænt skráð samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, eða eiga innstæður í innlendum gjaldeyri hjá innlásstofnunum hér á landi ef samanlagt hlutfall reiðufjár og innlána, sem bera 3,00% árvexti eða hærri, í eignasamsetningu sjóða er 10% eða hærra.
 3. Eftirfarandi ráðstafana, annarra en þeirra sem mynda bindingargrunn skv. 2. gr. reglna um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris, þegar greiðsla fer fram, beint eða óbeint, með úttekt af reikningi í eigu erlends fjármálfyrirtækis (Vostro-reikningi):
 - a. Fjárfestinga í verðbréfum skv. a. og b. lið 2. tölul.
 - b. Ráðstöfunar í innstæður í innlendum gjaldeyri hjá innlásstofnun hér á landi og sem bera 3,00% árvexti eða hærri.
 - c. Fjárfestinga í eigin fé fyrirtækis, sem fjárfest eða ráðstafað er beint eða óbeint með þeim hætti sem lýst er í a. og b. lið þessa töluliðar.
 - d. Lánveitinga til innlends aðila sem nýttar eru til fjárfestinga í þágu lánveitanda skv. a.-c. lið þessa töluliðar.
 - d. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður svohljóðandi:
 8. Framvirkra viðskipta, viðskipta með valrétti, gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga og annarra afleiðusamninga.
 - e. Við greinina bætist ný málsgrein, sem verður 4. mgr., svohljóðandi:
Tilkynna skal Seðlabanka Íslands um fjármagnshreyfingar á milli landa í innlendum gjaldeyri vegna:
 1. Fjárfestinga í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum, öðrum framseljanlegum fjármálagerningum, peningakröfum og öðrum sambærilegum kröfuréttindum í innlendum gjaldeyri.
 2. Inn- eða útflutnings verðbréfa.
 3. Innlegg á eða úttektar af reikningum erlendra fjármálfyrirtækja hér á landi (Vostro-reikninga).
 4. Beinnar fjárfestingar hérlandis, þ.m.t. langtímalánveitingar.
 5. Framvirkra viðskipta, viðskipta með valrétti og annarra afleiðuviðskipta þó ekki gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga.
 - f. Í stað „,2.“ í 3. mgr. kemur: 3. og 4.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglnanna:

- Við 2. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:
Uppgjör viðskipta með eftirfarandi fjármálagerninga er þó ekki undanþegið takmörkunum 3. og 4. mgr. 13. gr. e laganna:
 - Skuldabréf eða víxla, útgefinna í innlendum gjaldeyri, sem eru rafrænt skráð samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa.
 - Hlutdeildarskírteini sjóða, sem fjárfesta í skuldabréfum eða víxnum útgefnum í innlendum gjaldeyri, sem eru rafrænt skráð samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, eða eiga innstæður í innlendum gjaldeyri hjá innlánsstofnunum hér á landi ef samanlagt hlutfall reiðufjár og innlána, sem bera 3,00% ársvexti eða hærri, í eignasamsetningu sjóða er 10% eða hærra.
 - Eigið fé fyrirteikis, sem fjárfest eða ráðstafað er beint eða óbeint með þeim hætti sem lýst er í a. og b. lið.
- Í stað orðanna „Fjárfesting skv. 1. mgr. skal“ í 5. mgr. kemur: Viðskipti skv. 1. og 2. mgr. skulu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

- Orðin: „innlendum og“ í 1. mgr. falla brott.
- Í stað „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 3. mgr. þessarar greinar
- Við bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:
Lántökur og lánveitingar í innlendum gjaldeyri milli innlendra og erlendra aðila eru undanþegnar takmörkunum skv. 1. og 2. mgr. 13. gr. g laga um gjaldeyrismál að undanskildum lánveitingum innlendra aðila til erlendra aðila í innlendum gjaldeyri sem ráðstafað er, beint eða óbeint, skv. a.-d. lið 1. mgr. þessarar greinar.
- Orðin: „í erlendum gjaldeyri“ í 3. mgr. falla brott.
- Á eftir orðunum: „a.-d. lið 1. mgr.“ í 3. mgr. kemur: eða 2. mgr.
- Í stað „2.“ í 4. mgr. kemur: 3.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglnanna:

- Við bætist ný málsgrein, sem verður 3. mgr., svohljóðandi:
Afleiðuviðskipti vegna áhættuvarna í tengslum við skuldabréfaútgáfur í innlendum gjaldeyri þar sem útgáfa fer fram erlendis falla ekki undir undanþágu 1. mgr.
- Í stað orðanna „fyrir lok fyrsta virka dags hvers almanaksmánaðar um útistandandi samninga vegna afleiðuviðskipta skv. 1. mgr. við sína viðskiptavini“ í 4. mgr. kemur: um afleiðuviðskipti við sína viðskiptavini þar sem innlendir gjaldeyrir er í samningi gagnvart erlendum gjaldeyri.
- Í stað orðanna „skv. 4. mgr.“ í 6. mgr. kemur: skv. 5. mgr.

5. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 13. gr. reglnanna:

- Í stað orðanna „útistandandi samninga vegna afleiðuviðskipta skv. 4.“ í 4. mgr. kemur: afleiðuviðskipti skv. 5.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. reglnanna:

- Í stað orðanna „1.-7. tölul. 2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 1.-8. tölul. 3. mgr. og 1.-5. tölul. 4. mgr.
- Orðin „innan fimm virkra daga frá því að greiðsla á sér stað“ í 1. mgr. falla brott.
- Á eftir orðunum: „framkvæmd reglna þessara,“ í 2. mgr. kemur: innan 5 virkra daga frá því að greiðsla á sér stað og mánaðarlegar samantektir innan 5 virkra daga frá síðasta degi

Nr. 568

26. júní 2017

mánaðarins sem samantektin nær til. Tilkynningarskylda fer eftir því sem nánar greinir í leiðbeiningum,

7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 13. gr. b, 5. mgr. 13. gr. c, 4. og 5. mgr. 13. gr. o, 3. mgr. 13. gr. p og 1. og 3. mgr. 14. gr. laga nr. 87/1992, með síðari breytingum. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 26. júní 2017.

Seðlabanki Íslands,

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri.

Guðmundur Sigbergsson,
starfandi frkvstj. gjaldeyriseftirlits.

B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2017